

Rannsóknir og kannarnir í grunnskólum

Skýrsla vinnuhóps

Maí 2000

Til samráðsnefndar menntamálaráðuneytisins,
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og samtaka kennara og skólastjóra.

Reykjavík, 8. maí 2000.

Á fundi samráðsnefndar 14. maí 1999 var ákveðið að stofna til starfshóps til þess að fjalla um rannsóknir og kannanir í grunnskóla. Tildrög eru þau að margir sækja að grunnskólunum með óskir um að fá að leggja allskonar kannanir og rannsóknir fyrir nemendur á skólatíma og ekki liggur ljóst fyrir hvaða leikreglur gilda í slíkum tilvikum. Því var ákveðið að lítill starfshópur með fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands, Skólastjórafélagi Íslands og Heimili og skóla færi yfir þetta mál og útbeggi leiðbeinandi reglur um framkvæmd rannsókna og kannana í grunnskólum sem beint yrði til Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í starfshópnum sitja samkvæmt tilnefningum:

Erna Björk Hjaltadóttir frá Kennarasambandi Íslands, Sesselja Snævarr frá menntamálaráðuneytinu, Sigurjón Pétursson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Þorsteinn Sæberg, frá Skólastjórafélagi Íslands og Þóroddur Skaptason frá Heimili og skóla.

Starfshópurinn hefur fundað alls sex sinnum á tímabilinu en fyrsti fundurinn var 8. desember 1999. Auk þess hefur hópurinn haft samráð og samvinnu m.a. í gegnum tölvupóst.

Eins og fram hefur komið sækja margir að grunnskólunum með óskir um að leggja fyrir kannanir og rannsóknir fyrir nemendur og starfsfólk á skólatíma. Sú spurning hefur vaknað meðal kennara og skólastjóra hvar ákvörðunarvaldið liggur varðandi

slíkra utanaðkomandi beiðna sem geta haft truflandi áhrif á skólastarf og einnig um hver á að meta gæði þeirra og gagnsemi. Á samráðsfundi grunnskóla (sbr. fundargerð af fundi 14. maí 1999) voru nokkrar umræður um þetta mál en þar var m.a. rætt hvernig hægt væri að tryggja sem best gæði mats og úttekta og hverjir geti staðið að slíku. Voru allir eru sammála um að setja þurfi einhverjar vinnureglur eða umferðarreglur um þessi mál.

Í starfshópnum þótti strax ástæða til að gera greinarmun á úttektum á skólastarfi sem gerðar eru af opinberum aðilum s.s. menntamálaráðuneytinu og sveitarfélögum annars vegar og rannsóknum og könnunum sem steðja að skólum frá ýmsum aðilum í samfélaginu hins vegar. Hópurinn er sammála því að miða vinnu sína fyrst og fremst við rannsóknir og kannanir í grunnskóla en ekki úttektir á skólastarfi.

Skýrslunni er skipt í tvo kafla, annars vegar er almenn greinargerð og hins vegar tillögur starfshópsins um viðmiðunarreglur um rannsóknir og kannanir í grunnskólum.

Reykjavík, 8. maí 2000

Erna Björk Hjaltadóttir

Sigurjón Pétursson

Sesselja Snævarr

Þorsteinn Sæberg

Þóroddur Skaptason

1. Almenn greinargerð

1.1

Við gerð þeirra viðmiðunarreglna, sem hér eru kynntar er stuðst við gildandi lög og reglugerðir og úrskurðar menntamálaráðuneytisins um rannsóknir og kannanir í grunnskóla, auk þeirra gagna sem aflað var.

Í úrskurði ráðuneytisins frá nóvember 1996 um heimild til að leggja könnun/rannsókn fyrir í grunnskólum kemur fram eftirfarandi:

Í lögum um grunnskóla nr. 66/1996 eru engin ákvæði um fyrirlögn kannana og rannsókna í grunnskólum og hvergi í lögnum er heimild til ráðherra að setja reglugerð eða reglur um þetta svið. Samkvæmt sömu lögum er ábyrgð á grunnskólahaldi og skipulagi skólalalds í höndum sveitarfélaga. Almenn gilda því þær reglur sem Tölvunefnd hefur sett og ákvarðanir sveitarstjórna í þessu efni.

Með hliðsjón af 14. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla skulu umsjónarmönnum kannana/rannsókna snúa sér beint til viðkomandi skólastjóra sem geta heimilað fyrirlögn nema skólanefnd eða sveitarstjórn hafi ákveðið annað.

Samkvæmt þessum úrskurði er það í höndum skólastjóra viðkomandi skóla að heimila rannsóknir og kannanir í grunnskóla, að fengnu leyfi tölvunefndar fyrir rannsókninni, nema skólanefnd eða sveitarstjórn hafi ákveðið annað. Engu að síður eru menn sammála um að setja þurfi einhverjar vinnureglur eða umferðarreglur um rannsóknir og kannanir til samræmis í grunnskólum. Ástæða þykir til að gera greinarmun á úttektum sem gerðar eru af opinberum aðilum s.s. menntamálaráðuneytinu og sveitarstjórnnum og þeim rannsóknum og könnunum sem steðja að skólum frá öðrum aðilum í samfélaginu. Starfshópurinn er sammála því að miða vinnu sína fyrst og fremst við rannsóknir og kannanir í grunnskóla en ekki úttektir á skólastarfi.

Viðmiðunarreglur sem settar eru fram þurfa bæði að stuðla að sem minnstri truflun fyrir skólastarf en mega heldur ekki standa í vegi fyrir að hægt sé að stunda rannsóknir á skólastarfi. Að mati kennara og skólastjórnenda er mikið sótt að skólum með beiðnir um að leggja fyrir kannanir á skólatíma. Að þeirra mati getur þetta tekið of mikinn tíma af námstíma nemenda og oft koma slíkar beiðnir með mjög stuttum fyrirvara og því erfitt að fella þær að fyrirfram ákveðnu námsskipulagi skólans. Starfshópurinn reyndi að skilgreina hvers eðlis þær kannanir væru sem berast til skólanna og taldi nauðsynlegt að flokka kannanir á einhvern hátt með tilliti til markmiða og hvaða gildi þær hafa fyrir skólastarf eða samfélagið almennt. Starfsópurinn taldi því gagnlegt að reyna að flokka rannsóknir og kannanir m.a. sem hugsanlega viðmiðun við einhverskonar forfgangsröðun í skólum en ljóst er þó að sumar kannanir njóta meiri velvilja en aðrar. Hugmynd starfshópsins að grófri flokkun:

- Rannsóknir og kannanir þar sem markmið er fyrst og fremst persónulegt fyrir þann sem leggur fram könnun
- Rannsóknir og kannanir þar sem markmið er samfélagslegt
 - Kannanir sem varða almanna heill s.s. heilsufarslegar kannanir
 - Kannanir sem stuðla að skólaþróun

Undir fyrsta lið falla þær rannsóknir og kannanir sem berast t.d. frá námsfólki s.s. frá nemendum sem eru að ljúka námsáfangi, BA prófi, mastersprófi eða doktorsprófi en talsvert er um slíkar beiðnir. Undir annan lið falla þær rannsóknir sem framkvæmdar eru t.d. af heilbrigðisyfirvöldum og stærri alþjóðlegar rannsóknir og kannanir s.s. á vegum RUM og menntamálaráðuneytisins.

1.2

Ákveðið var að afla upplýsinga sem varpað gætu ljósi á það hvernig staðan er í þessum málum hér á landi. Ástæða þótti jafnframt til að kanna hvernig staðið er að málum hjá grannþjóðum. Upplýsinga var aflað um eftirfarandi:

1. Yfirlit eða samantekt yfir rannsóknir og kannanir í þremur skólum þ.e. Árbæjarskóla, Brekkuskóla á Akureyri og Grunnskóla Ísafjarðar og afstöðu skólastjóranna til málsins.
2. Upplýsingar frá menntamálaráðuneytum í nágrennalöndum, Danmörku og Svíþjóð og Noregi um hvort/hvaða reglur gilda þar.
3. Upplýsingar um vinnureglur ef einhverjar eru hjá ýmsum sveitarfélögum eða skólaskrifstofum, m.a. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
4. Upplýsingar um vinnureglur ef einhverjar eru hjá Kennarasambandi Íslands.
5. Upplýsingar um vinnureglur ef einhverjar eru hjá Heimili og skóla.

1. Upplýsingar frá skólastjórum í þremur grunnskólum, einum í Reykjavík og tveimur á landsbyggðinni.

Skólastjórar hafa sjálfir metið gildi kannana. Varðandi fjölda kannana yfir skólaárið voru nefndar frá 3 (haustið 1999) upp í 8 yfir veturinn. Einnig kom fram að þær geta „komið í kippum” á sama tímanum. Skólastjórnir hafa sjálfir tekið ákvarðanir varðandi rannsóknir og kannanir í sínum skóla. Engar reglur eru frá skólanefnd en ef um vafaatriði er að ræða taldi einn skólastjórinn að eflaust yrði leitað álits skólanefndar.

2. Nokkrar spurningar voru lagðar fyrir ýmsa forstöðumenn skólaskrifstofa. Svör bárust frá sex aðilum.

Í lauslegri samantekt kemur í ljós að nokkuð er misjafnt hve mikið leitað er til skólanna v/ kannana. Í flestum tilvikum er um háskólanema að ræða eða þá félagssamtök með kannanir á sviði heilbrigðismála eða félagsmála. Engar reglur virðast vera til en skólastjóri tekur ákvörðun um heimild og annast eftirlit. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur beinir öllum erindum um kannanir beint til skólastjóra. Ljóst er að sveitarfélög hafa engan samnefnara í þessum málum.

3. Spurningalisti KÍ til skólaskrifstofa varðandi úttektir á grunnskólum.

Markmið úttekta geta bæði verið rekstrarlegs eðlis og/eða að meta gæði og árangur í skólastarfi ýmist að frumkvæði sveitarstjórna, bæjaryfirvalda eða skólastjóra.

4. Upplýsingar frá danska, norska og sænska menntamálaráðuneytinu, en spurt var um hvort reglur og þá hvaða reglur gilda þar .

Í Danmörku er ekki um sérstakar reglur að ræða annað en það sem fram kemur í lögum og reglugerðum um meðferð upplýsinga. Bent er á að lítið er á skólana sem sjálfstæðar stofnanir sem heyra undir sveitarfélög eða kommunur. Í Noregi eru ekki sérstakar reglur um rannsóknir og kannanir í grunnskólum en þar er einnig bent á lög sem varða meðferð upplýsinga. Í Svíþjóð eru skólar skyldugir að taka þátt í rannsóknum og könnunum hvort sem það er á vegum opinberra aðila eða annarra. Að öðru leyti gilda ekki sérstakar reglur aðrar en þær sem fram koma í lögum sem varða meðferð upplýsinga og almennar siðareglur. Hins vegar þarf rannsóknin að vera unnin í samkomulagi við viðkomandi skóla.

Í starfshópnum var einnig rætt um hvaða möguleikar væru almennt á fé til rannsókna á skólastarfi eða málefnum tengdum grunnskóla og að kanna mætti þann farveg sem liggur til rannsókna hér á landi. Í úthlutun úr vísindasjóði 1998 er 25.7% styrkuppþæðar varið í hug- og félagsvísindi en rannsóknir á skólastarfi falla trúlega einna helst undir þann flokk. Samkvæmt yfirliti 1998 voru þó mjög fáar rannsóknir sem beinlínis tengdust skólastarfi. Svipuð prósentu var árið 1997 og 1996. Að fengnu leyfi Tölvunefndar geta rannsakendur sóst eftir að geta framkvæmt rannsóknir sínar eða kannanir, t.d. í grunnskólum.

2. Viðmiðunarreglur um rannsóknir og kannanir í grunnskóla.

2.1

Viðmiðunarreglur um rannsóknir og kannanir í grunnskóla eru settar í ljósi gildandi laga og reglugerða, úrskurða menntaráðuneytisins og þeirra gagna sem safnast hafa. Reglurnar eru mótaðar um eftirfarandi atriði:

1. Ákvörðunarvald og hvernig það er skilgreint þ.e. með hvaða fyrirvara.
2. Fyrirvara sem rannsakendur þurfa að hafa gagnvart skólum sem í hlut eiga.
3. Tilmæli um forgang verkefna.

Viðmiðunarreglur
um rannsóknir og kannanir í grunnskólum

1. Skólastjóri tekur ákvarðanir um hvaða kannanir er heimilað að leggja fyrir nemendur og/eða kennara eða annað starfsfólk í skólanum, sem undir hann heyrir á skólatíma, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað fyrirkomulag.
2. Rannsakendur skulu hafa góðan fyrirvara á því að leggja fyrir kannanir eða rannsóknir í skólum. Að öðru jöfnu skulu þær rannsóknir og kannanir hafa forgang sem óskað er eftir með meira en tveggja mánaða fyrirvara.
3. Þess skal jafnan gætt að að rannsóknir og kannanir hafi ekki í för með sér óeðlilega röskun á skólastarfi.
4. Berist margar beiðnir um rannsóknir og kannanir til skólans og skólinn telur sig þurfa að forgangsraða þeim skulu samfélagslegar kannanir s.s. á vegum heilbrigðisyfirvalda, menntastofnana, ríkis eða sveitarfélaga að öllu jöfnu hafa forgang.
5. Jafnan skal þess gætt þegar könnun er heimiluð að fyrir liggi tilskilin leyfi s.s. Tölvunefndar. Skólastjóri skal að öllu jöfnu sjá til þess að foreldrum eða forráðamönnum séu kynntar fyrirhugaðar rannsóknir og kannanir sem nemendur taka þátt í.
6. Ef um álitamál er að ræða skal skólastjóri bera málið undir sveitarstjórn.
7. Reglur skólans um rannsóknir og kannanir skulu birtar í skólanámskrá.

2.2

Athugasemdir við einstakar greinar:

Ákvæði 1. gr. byggir á því að skólastjóri er samkvæmt 14. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 skilgreindur forstöðumaður grunnskóla, hann stjórnar honum og ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forustu. Skólastjóri hefur því ákvörðunarvald um það hvaða rannsóknir fá brautargengi í skólanum að teknu tilliti til þess sem fram kemur í 4. greininni. Gert er ráð fyrir leyfi Tölvunefndar.

Ákvæði 2. og 3. gr. eru sett til þess að skólar hafi svigrúm til þess að fella hugsanlegar rannsóknir og kannanir að fyrirfram skipulögðu skólastarfi og að sem minnst röskun hljótist af fyrir skólastarf.

Ákvæði fjórðu greinar er sett til þess að stuðla að því að rannsóknir og kannanir sem eru gerðar af opinberum aðilum og hafa samfélagslegt markmið fái að öllu jöfnu framgang innan grunnskóla.

Ákvæði 7. gr. tryggir að reglur skólans um rannsóknir og kannanir fái umfjöllun skólanefndar og foreldraráðs.

Helstu heimildir:

Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

Lög um skráningu og meðferð persónuupplýsinga nr. 121/1989

Úrskurður menntamálaráðuneytisins um heimild til að leggja könnun/rannsókn fyrir í grunnskólum.

Bréf frá menntamálaráðuneytum í Danmörku, Svíþjóð og Noregi

Bréf frá skólastjórum Brekkuskóla á Akureyri og Grunnskóla Ísafjarðar

Svör frá nokkrum skólaskrifstofum við spurningarlista

Yfirlit yfir úthlutun Vísindasjóðs 1998

Gögn frá Kennarasambandi Íslands